

Hvíti selurinn

eftir *Rudyard Kipling*

(Dr. Helgi Pjeturss hefir íslenskað)

Allt þetta varð fyrir mörgum árum þar sem heitir Novastoshna eða Norður-Oddi á Pálseyju allar leiðir austur í Beringshafi. Limmershin, rindillinn, sagði mér söguna er hann hafði lent í reiðanum á gufuskipi á leið til Japans, en ég hafði hann með mér niður undir þiljur vermdi hann og fóðraði nokkra daga uns hann var ferðafær aftur til Pálseyjar. Limmershin er mjög skríttinn smáfugl, en hann er sannorður.

Enginn fer til Novastoshna nema hann eigi þangað erindi og engir aðrir en selirnir eiga þangað erindi að jafnaði. Þeir koma sumarmánuðina upp úr köldum gráum sænum svo hundruðum þúsunda skiptir því að Novastoshnafjaran er betur við sela hæfi en nokkur annar staður í heimi.

Fönguður vissi það og hvar í sjó sem hann var kominn synti hann á hverju vori beint til Novastoshna eins og beinskreiður og flughraður sprengjuvélabátur og barðist mánaðartíma við féлага sína um góðan stað á klöppunum eins nærri sjónum og orðið gat. Fönguður var 15 vetra gamall, stórvaxinn grár loðselur, nærri því fextur um herðar og með langar illúðlegar hundstennur. Þegar hann reis upp á framhreifana var hann á hæð meir en 4 fet yfir jörð og hefði nokkur gerst svo djarfur að vega hann þá var þungi hans nærri því 700 pund. Hann var allur með örum eftir grimmar orustur en alltaf var hann þó til í eina enn. Hann lagði undir flatt rétt eins og hann þyrði ekki að horfa framan í óvin sinn; því næst skaut hann fram hausnum svo skjótt sem ör flygi; og þegar stóru tennurnar voru settar fast og vel í svíran á hinum selnum gat sá hinn sami freistað hvort hann mætti burtu komast en það var ekki hætt við að Fönguður mundi

hjálpa honum til þess.

Fönguður elti samt aldrei sel er hann hafði barið á, því að það var á móti fjörulögunum. Hann var einungis að rýma til við sjóinn fyrir fjölskyldu sína. En þar eð 40-50.000 selir voru þarna að berjast til hins sama á hverju vori var vælið öskrið og blásturinn í fjörunni beinlínis ógurlegur.

Af lítilli hæð sem nefnist Hutchinsonshóll mátti sjá yfir hálfu fjórðu vallarmílu (enska) sem þakin var af selum í bardaga; og brimgarðurinn var allur dilóttur af selshausum er stefndu hraðan til lands til að taka þátt í bardaganum. Þeir börðust í bárunum þeir börðust á sandinum og þeir börðust á núnum og hálum blágrýtisklöppum sellátranna. Því að þeir voru rétt eins heimskir og ógegnir eins og menn. Konur þeirra komu aldrei til eyjanna fyrr en seint í maí eða snemma í júnímánuði því að þeim lék ekki hugur á að verða fyrir meiðingum. En ungu selirnir 2-4 vetra gamlir sem ekki hugðu á hjúskap enn, fóru um fylkingar ófriðarseggjanna hér um bil hálfu mílu inn í landið, léku sér um sandöldurnar í flokkum og stórhópum og neru af hvert grænt strá sem gróa vildi. Þeir voru nefndir „holluschickie“ — yngisselirnir — og ef til vill voru þeir 200.000 eða 300.000 að tölu einungis á Novastoshna.

Fönguður hafði rétt nýlega lokið 45. orustunni eitt vorið þegar Matka konan hans kom utan að upp úr sjónum mjúk gljáhærð og blíðeygð; hann tók í hnakkadrambið á henni slengdi henni niður á klappirnar sem hann hafði lagt undir sig og sagði byrstur: „Seint kemur þú eins og þú ert vön. Hvar í ósköpunum hefurðu verið?“

Fönguður lagði ekki í vana sinn að éta neitt þessa 4 mánuði sem hann dvaldi á fjörunum og þess vegna var hann vanalega geðstirður. Matka kunni sig betur en svo að hún færi að svara aftur. Hún leit í kring um sig og mælti þýðlega: „En hvað þú er hugsunarsamur! Þú hefir þá tekið aftur okkar fornu stöðvar.“

„Víst hef ég það“ sagði Fönguður. „Líttu á mig.“

Hann var rifinn og blóðugur á tuttugu stöðum, nærri blindur var hann á öðru auga og allur flakandi í sárum.

„O, þið menn, þið menn!“ sagði Matka og veifaði öðrum afturhreifanum. „Hvers vegna komið þið ekki viti fyrir ykkur og skiptið í friði með ykkur fjörunum? Þú ert að sjá eins og þú hefðir átt í orustu við háhyrninginn.“

„Ég hef ekki gert annað en að berjast síðan í miðjum maí-mánuði. Það er skammarleg þröng í fjörunum í vor. Ég hef rekið mig á að minnsta kosti hundrað seli á Lukannonfjörum í bústaðaleit. Hví getur ekki selfólkið haldið sig á sínum eigin stöðvum?“

„Mér hefir oft komið til hugar að við mundum vera miklu sælli ef við hefðum okkar land í Otureyju, en ekki hér í þrengslunum“ sagði Matka.

„Svei! Engir aðrir en yngisselirnir fara til Otureyjar. Ef við færum þangað mundi okkur verða brugðið um raglyndi. Við verðum að halda uppi áliti okkar, góða mín.“

Fönguður bældi hausinn drambsamlega niður við sínar feitu herðar og lét sem hann ætlaði að sofna í nokkrar mínútur; en alltaf gaf hann raunar nákvæmar gætur að hvort ekki byðist orusta. Nú þegar allir selirnir og konur þeirra voru á landi mátti heyrja ysinn og þysinn langar leiðir á haf út og það jafnvel þótt rok væri á. Það er lágt talið þó að sagt sé, að ein milljón sela hafi verið á fjörunum — sela-feður og selamæður, smákópar og yngisselir og allt þetta barðist og vældi og veltist og lék sér; flokkar og stórhópar voru að draga sig niður til sjávar eða upp úr honum; aðrir huldu hverja fetsbreidd af klöpp eins langt og augað eygði og glímdu í smáhópum í þokunni. Það er nærri því alltaf þoka á Novastoshna, en þó ber það við að birtir fyrir sól og um stund glóir þá allt og gljáir í perlum og regnbogalítum.

Matka fæddi Kotick son mitt í allri þessari þröng, og hann var að heita mátti ekki annað en höfuð og herðar með fól vatnsblá augu eins og kópar gerast; en það var eitthvað um feld hans sem kom móður hans til að hyggja að honum mjög vandlega.

„Fönguður“ sagði hún að lokum „sonur okkar ætlar að verða hvítur!“

„Tómar sandmigur og þurrt þang!“ fnæsti Fönguður.

„Það hefir aldrei verið neitt þvílíkt í heiminum sem er hvítur selur.“

„Ekki get ég við því gert“ sagði Matka „nú ætlar það að verða“; og hún kvað selaljóðin sem allar selamæður kveða við börn sín.

(Aðalefnið er að kóparnir mega ekki leggjast til sunds fyrr en þeir eru 6 vikna gamlir ella muni þeir drukkna eða lenda í hvalskjafti.)

Auðvitað skildi stubburinn ekki orðin í fyrstu. Hann væflaðist og skreiddist um við hlið móður sinnar og lærði að forða sér þegar faðir hans átti í áflogum við annan sel og þeir veltust öskrandi um sleipar klappirnar. Matka var vön að sækja sér æti úr sjó, en Kotick var ekki fóðraður nema annan hvern dag, en þá át hann eins og hann gat og þreifst á því.

Eitt hið fyrsta sem hann gerði var að draga sig upp á landið fyrir ofan fjöruna, og þar hitti hann fyrir tugi þúsunda af kópum á sínu reki og þeir léku saman eins og hvolpar, sofnuðu á hreinum sandinum og léku sér svo aftur. Gamla selfólkið í látrunum skipti sér ekkert af kópunum og yngisselirnir héldu sig sér, svo að selabörnin höfðu gott tóm til að leika sér.

Þegar Matka kom til lands úr djúpsævar veiðiförum sínum sneri hún rakleiðis til leikvallarins, kallaði eins og ær á lamb og beið uns hún heyrði Kotick væla. Því næst stefndi hún til hans þráðbeint og bylti óþyrmilega frá sér á báða bóga ungvíðinu sem varð á leið hennar. Þar voru alltaf mæður svo hundruðum skipti að leita að börnum sínum á leikvöllunum og krakkagreyin fengu margan skell. En eins og Matka sagði við Kotick „ef þú geymir þess að liggja ekki í forugu vatni og fá kláða og nugga ekki sandkornunum inn í skurð eða skrámu, og ef þér verður aldrei að leggja til sunds þegar bólginn er sjór, þá verður þér ekkert að meini.“

Kópar kunna ekki að synda fremur en smábörn, en þeim líður illa þangað til þeir hafa lært það. Fyrst þegar Kotick lagðist í sjó tók hann bylgja og bar hann út lengra en svo að hann næði til botns; og stóra höfuðið hans sökk og litlu

afturhreifunum skaut upp, alveg eins og móðir hans hafði sagt honum í kvæðinu, og drukknad hefði hann ef ekki næsta bára hefði skolað honum upp aftur.

Eftir það lærði hann að liggja í lóni í flæðarmálinu, svo að ölduflóðið rétt tók yfir hann og lyfti honum upp meðan hann buslaði; en hann hafði alltaf vakandi auga á stórum bárum sem gætu orðið honum að meini. Í þann tíma var hann að læra að beita hreifunum og allan þann tíma var hann sífellt að veltast í vatninu og upp úr því aftur með hósta og kaflátum, skríða upp fjöruna og blunda á sandinum og hverfa aftur í sjóinn — uns hann fann að lokum að sjórinn var hans rétta heimkynni.

Það má fara nærri um, hvernig hann hafi síðan skemmt sér með félögum sínum, er þeir stungu sér í líðandi öldurnar; eða þegar þeir létu berast á brimskafla og lentu með skellum og skvettum, er stóraldan óð sjóðandi lengst upp í fjörur; eða þegar þeir stóðu réttir í vatninu og klóruðu sér í hausnum eins og gamla fólkið gerði; eða þegar þeir voru að leikum á sleipum þangklöppum, sem rétt aðeins skolaði yfir. Við og við sá Kotick þunnt horn, líkt stórum hákarlsugga, sem barst með ströndinni hægt og hægt, og hann vissi, að það var morðhvalurinn, háhyrningurinn, sem étur unga seli, hvenær sem hann nær í þá; og Kotick beindi sundið til lands eins og ör flygi, og ugginn ruggaði burt í hægðum sínum, eins og hann hefði ekki verið að gá að neinu.

Seint í októbermánuði fóru selirnir að leggja frá Pálseyju út á djúphafið, ættum og hópum saman og yngisselirnir léku sér hvar sem þeir vildu. „Næsta ár“, sagði Matka við Kotick „verður þú yngisselur, en þetta árið verðurðu að læra að veiða fisk.“

Þau lögðu á stað saman út á Kyrrahaf, og Matka sýndi Kotick hvernig hann ætti að sofa á bakinu, með hreifana fast upp að síðunum og litlu snoppuna rétt aðeins upp úr vatninu. Engin rugga er eins þægileg eins og breiðar vaggandi haföldur. Þegar Kotick fann til sviða um allt sitt skinn, sagði Matka, að hann væri að læra, hvernig vatnið væri að finna, og að stingandi sviði boðaði óveður; hann yrði því að

synda hratt og komast á burt.

„Innan skamms“, sagði hún „muntu vita, hvert þú átt að synda, en um sinn munum við elta hnísuna, því að hún er mjög vitur.“ Hnísuvaða reif sig kafandi áfram í vatninu, og Kotick litli elti þær eins hratt og hann gat. „Hvernig vitið þið hvert skal halda?“, másaði hann. Forustuhnísan ranghvolfdi í sér hvítum augunum og kafaði: „Mig sviður í sporðinn barnungi“, sagði hún. „Það veit á, að stormur sé á eftir mér. Áfram!“ Þegar þú ert fyrir sunnan Kvoðuvatnið (hún átti við Miðjarðarbaugssvæðið) og þig sviður í sporðinn, þá veit það á storm fyrir framan þig, og þú verður að stefna norður. Áfram! Ég kenni vatnsins hér að illu.“

Þetta var eitt af fjölmörgu, sem Kotick lærði, og hann var alltaf að læra. Matka kenndi honum að elta lúðuna og þorskinn eftir grynningunum og kippa klettfiskinum út úr holu sinni; hvernig hann ætti að renna sér eftir skipsskrokkum, sem lágu á 100 faðma dýpi og þjóta sem örskot inn um eitt gatið á skipshliðinni og út um annað eftir því sem fiskarnir skutust; hvernig hann ætti að dansa á öldutoppunum, þegar eldingarnar æddu um allt himinhvolfið, og veifa kurteislega hreifunum til stélstuttra albatrossins og örnungsins¹⁾, er þeir renndu fram hjá honum góðan byr; hvernig hann ætti að hlaupa 3 eða 4 fet upp úr vatninu, líkt og höfrungar, með framhreifana fast að síðunum og fótahlutann krepptan upp undir sig; hún kenndi honum að láta flugfiskinn eiga sig, af því að hann er ekkert annað en beinin; að rífa hnakkann úr þorski á fullri ferð á 10 faðma dýpi; og loks að staðnæmast aldrei til að horfa á skip eða bát, einkum ef það væri róðrabátur. Að sex mánuðum liðnum vissi Kotick allt sem vert er að vita um djúphafsfiski, og allan þann tíma hafði hann aldrei stutt hreifum á þurrt land.

En einn dag, þegar hann lá blundandi í volgum sjónum einhvers staðar nálægt eyjunni Juan Fernandez, fannst honum einhver deyfð og drungi í sér öllum, rétt eins og mannfólkinu verður, þegar vorið er í fótunum á því; og hann

1) Man-of-War-Hawk (Tachypedes aquila). D. Fregatfugl. — Þýð.

mundi eftir góðu, föstu fjörunum á Novastoshna, 7000 mílur í burtu, leikunum sem félagar hans léku, lyktinni af þanginu, hávaðanum í selnum og áflogunum. Á sömu mínútu sneri hann á norðurleið og sótti fastundið. Á leiðinni urðu fyrir honum hópar af félögum hans, er allir stefndu til sama staðar, og þeir sögðu: „Heill Kotick! Þetta árið erum við allir yngisselir, og við getum dansað elddansinn í boðunum út af Lukannon og leikið okkur á nýgrónu grasinu. En hvernig fékkstu svona litt skinn?“

Feldur Koticks var nú nærri því mjallhvítur, og þó að hann miklaðist mjög að því með sjálfum sér, varð honum ekki annað að orði en þetta: „Herðiðundið! Landþrána leggur mér inn í bein.“ Og þannig komu þeir allir á fjörurnar, þar sem þeir höfðu fæðst, og heyrðu til gömlu selanna, fedra sinna, er þeir börðust í sígandi þokunni.

Þá nótt dansaði Kotick elldansinn með veturgömlu selunum. Hafið er um sumarnætur fullt af eldi alla leið frá Novastoshna til Lukannon og aftur undan hverjum sel verður rák eins og af brennandi olíu, blossandi glampa bregður fyrir, þegar hann hleypur upp, og öldurnar brotna í löngum, lýsandi gárum og hringum. Því næst sneru þeir inn í landið til leikvallanna og veltu sér fram og aftur í nýja villihveitinu og sögðu sögur af því, hvað þeir höfðu aðhafst, meðan þeir dvöldu í sjó. Þeir töluðu um Kyrrahafið eins og drengir mundu tala um skóg, þar sem þeir hefðu verið í hnotaleit, og ef einhver hefði skilið þá, hefði hann getað farið burt og gert þann uppdrátt af þessu hafi, að slíkur er ekki til. Þriggja til fjöggra vetra yngisselirnir komu brunandi niður af Hutchinson-hól og æptu: „Verið ekki fyrir okkur, kópaangar, hafið er djúpt, og þið vitið ekki um allt, sem í því er enn. Bíðið þið þangað til þið hafið farið fyrir Horn. Hí! Þú vetrungur, hvar náðirðu í þennan hvíta feld?“

„Ég náði ekki í hann“ sagði Kotick „hann óx.“ Og rétt í því hann ætlaði að velta um hrygg þeim, er talað hafði, komu tveir svarthærðir, breiðleitir, rauðir menn fram undan sandhól, og Kotick, sem hafði aldrei séð mann áður, hóstaði og beygði niður höfuð sitt. Yngisselirnir skokkuðu undan

nokkra faðma og námu svo staðar og gláptu á mennina, eins og tröll á heiðrikju. Mennirnir voru sjálfur Kerick Booterin, foringi seladráparanna á eyggi, og Patalamon sonur hans. Þeir komu frá þorpi einu litlu, sem lá ekki hálfu mílu frá sel-látrunum, og erindi þeirra var að velja úr þá seli, sem þeir ætluðu að reka í drápskvíarnar (því að selirnir eru reknir eins og sauðfé), svo að þeim yrði breytt í selskinnstreyjur síðar meir.

„Hó!“ sagði Patalamon. „Líttu á! þarna er hvítur selur!“

Kerick Booterin fölnaði upp undir lýsinu og sótinu, því hann var Aljúti, og Aljútar er ekki þrifalegir menn. Því næst fór hann að þylja bænirnar sínar. „Snertu ekki á honum Patalamon. Það hefir aldrei verið hvítur selur síðan — síðan ég fæddist. Ef til vill er það svipur Zaharrofs gamla. Hann drukknaði í ofsaroki árið sem leið.“

„Ég ætla ekki að koma nálægt honum“ sagði Patalamon. „Hann er óheillavænlegur. Heldurðu að það sé Zaharrof gamli genginn aftur? Ég skulda honum fyrir nokkur mäs-egg.“

„Líttu ekki á hann“, sagði Kerick. „Rektu burt þennan hóp af fjöggra vetra selum. Mennirnir ættu að flá 200 í dag, en það er í byrjun dráptímans og þeir eru óvanir verkinu. Eitt hundrað nægir handa þeim. Flýttu þér!“

Patalamon hringlaði í tveimur selsherðablöðum fyrir framan hóp af yngisselum, og þeir námu staðar mäsandi og blásandi. Því næst færði hann sig nær, og selirnir fóru að hafa sig af stað, og Kerick rak þá inn í landið, en þeir reyndu alls ekki að komast aftur til félaga sinna. Selir svo hundruðum þúsunda skipti horfðu á þá rekna, en þeir héldu áfram leikum sínum eins og ekkert hefði í skorist. Kotick gerðist einn til að spyrja, og enginn af félögum hans gat sagt honum neitt, nema það, að mennirnir rækju ávallt burt seli á þennan hátt um 6 eða 8 vikna tíma hvert ár.

„Ég ætla að elta“, sagði hann, og augun ætluðu út úr honum, er hann dragnaðist áfram á eftir hópnun.

„Hvíti selurinn kemur á eftir okkur“, æpti Patalamon. „Það er í fyrsta skipti, sem nokkur selur hefir komið á

drápsvöllinn af sjálfsdáðum.“

„Þey! Líttu ekki aftur“ sagði Kerick. „Það er svipur Zaharrofs! Ég verð að tala við prestinn um þetta.“

Það var aðeins hálf míla til blóðvallarins, en þeir voru klukkustund á leiðinni sakir þess að Kerick vissi, að færi hann of hratt, mundu selirnir hitna og skinnið síðan losna af þeim í stykkjum, þegar þeir væru flegnir. Þess vegna héldu þeir áfram mjög hægt fram hjá Sæljónseiði og Webstershúsi, uns þeir komu að salthúsinu, sem lá svo, að rétt aðeins fal sýn fyrir selunum í fjörunni. Kotick elti mäsandi og forviða. Hann hugði að hann væri kominn á enda heims, en öskrið frá sel-látrunum að baki honum var að heyra sem dynur af eimlest í berggöngum. Því næst settist Kerick niður á mosann, dró upp messingúr eitt mikið og lét hópinn kæla sig í 30 mínútur, og Kotick gat heyrt þegar þokuvætan lak af hattbarði hans. Því næst komu þar 10 eða 12 menn, sem allir höfðu járnkylfur vafðar, Kerick benti á einn eða tvo úr hópnum, sem voru bitnir af félögum sínum eða voru of feitir, og mennirnir spörkuðu þeim frá með þungum svarðstígvélum sínum; því næst sagði Kerick: „Hefjist handa!“ og mennirnir rotuðu selina með kylfuhöggum eins hratt og þeir gátu.

Tíu mínútum síðar gat Kotick litli ekki þekkt vini sína lengur, því húðirnar voru flegnar af þeim frá trýni og aftur á tær svift af þeim og fleygt á völlinn í stóra hrúgu.

Nú var Kotick nóg boðið. Hann sneri aftur og stökk niður að sjó (selur getur stokkið hratt um skamma stund) og litlu nýju kamparnir hans risu af hryllingi. Við Sæljónsheiði, þar sem hin stóru sæljón liggja fram við brimgarðinn, fleygði hann sér á höfuðið í svalan sjóinn og vaggadist þar og stundi aumlega. „Hvað er að?“ sagði eitt sæljónið óþýðlega; því sæljónin skipta sér vanalega ekki af öðrum.

„Scoohnie! Ochen scoennie!“ („Ég er einmana, mjög einmana!“), sagði Kotick. „Það er verið að drepa alla yngiselina á öllum fjörunum!“

Sæljónið leit við. „Hvaða bull!“ sagði það. „Aldrei hefir látið herra í vinum þínum en nú. Þú munt hafa séð Kerick

gamla fara með rekstur. Hann hefir gert það í 30 ár.“

„Mig hryllir við“, sagði Kotick og andæfði, er aldan reið yfir hann, og vatt við hreifunum eins og skúfu, svo að hann stöðvaðist aðeins þrjá þumlunga frá skörðóttri klettabrún.

„Vel gert af vetrung“, sagði sæjónið sem kunni að meta þegar vel var synt. „Ég býst við að þetta sé fremur geigvænlegt frá þínu sjónarmiði; en ef þið selir leggið í vanda ykkar að koma hingað ár eftir ár, þá er svo sem auðvitað að mennirnir komast að því, og þið verðið alltaf reknir til dráps, nema þið getið fundið einhverja eyju þar sem aldrei kemur maður.“

„Er ekki til nein slík eyja?“ spurði Kotick.

„Nú hefi ég fengist við flyðruveiðar 20 ár, en slíka eyju get ég ekki hrósað mér af að hafa fundið enn. En bíddu við — þú virðist vera gefinn fyrir að tala við þá, sem þér eru betri; við skulum gera ráð fyrir, að þú færir til Rostungseyjar og finnur að máli rostunginn Sæforna. Það getur verið, að hann viti eitthvað. En farðu ekki svona geyst. Væri ég í þínum sporum, anginn, þá mundi ég fyrst hafa mig upp á land og sofna.“

Kotick fannst þetta heillaráð; hann synti því yfir í sína eigin fjöru og svaf um hálfu stund, allur með smákippum eins og selum er títt. Því næst stefndi hann rakleiðis til Rostungseyjar, sem er lítil, lág og klettótt eyja, hér um bil beint í norðaustur frá Novastoshna, þar sem hamarsyllurnar eru alsettar mávahreiðrum og rostungarnir hafast við einir sér.

Hann lenti nálægt Sæforna, hinum afarstóra rostung, sem á heima norðan til í Kyrrahafi og er ljótur, spikþrútin, nöbbóttur, digursvíraður og hefir langar skögultennur; hann er mjög ófrýnilegur nema þegar hann er í svefni, eins og þá var, og löfðu afturhreifarnir til hálfis niður í sjóinn.

„Vaknaðu!“ sagði Kotick og brýndi raustina, því að mávarnir höfðu mjög hátt.

„Ho! Ho! Hurf! Hvað er þetta?“ sagði Sæforni og laust næsta rostung með skögultönnum sínum; sá laust þann er næstur honum var, og gekk svo koll af kolli, uns þeir vöktu

allir og gláptu í allar áttir nema þá sem rétt var.

„Hí! Það er ég,“ sagði Kotick, sem hossaðist í ylgjunni og leit út eins og lítill hvítur snigill.

„Nú nú! Flái mig!“ sagði Sæforni, og þeir litu allir til Koticks eins og félag syfjaðra, roskinna heiðursmanna mundi líta til drengnokka. Kotick fýsti ekki að heyra meira um flánings í svip; honum var nóg boðið af því, sem hann hafði séð af slíku; hann kallaði því upp: „Er enginn staður til, þar sem selir geta komið, en menn aldrei?“

„Farðu og finndu hann,“ sagði Sæforni og lokaði augunum. „Hafðu þig á burt. Við eigum annríkt hér.“

Kotick stökk í loft eins og höfrungur og æpti eins hátt og hann gat: „Skelæta! Skelæta!“ Hann vissi, að Sæforni hafði aldrei á ævi sinni tekið fisk, en var alltaf að grafa til skelja og róta í þangi, þó að hann þættist vera mjög geigvænlegur náungi. Allir sjófuglarnir, ritur, kríur og lundar og svartbakar, sem sjá sig aldrei úr færi til að sýna af sér ókurteisi, tóku svo sem auðvitað undir hrópið og — eftir því sem Limmershin sagði mér — í allt að því fimm mínútur hefði ekki heyrst byssuskot á Rostungseyju. Allir eyjarbúar görguðu í sífellu: „Skelæta! Starík (karldurgur)!“ en Sæforni bylti sér og hóstaði og stundi.

„Viltu nú segja frá því?“ sagði Kotick lafmóður. „Farðu og spurðu sækúna“ sagði Sæforni. „Ef hún er á lífi enn, mun hún geta sagt þér það.“ „Hvernig á ég að fara að þekkja sækúna?“ sagði Kotick og snerist til burtferðar.

„Það er eina skepna í sjó sem er ófríðari en Sæforni“ gargaði svartbakur einn og vatt sér rétt um granirnar á Sæforna „sem er ófríðari og kann sig ver!“

Kotick synti aftur til Novastoshna og lét mávana garga eina. Þar fann hann, að enginn var honum samhuga, er hann smátt og smátt gerði sér far um að finna selunum óhultan stað. Þeir sögðu honum, að mennirnir hefðu ávallt rekið burt yngisselina — það væri nú þáttur í þeirra starfi — og að ef honum félli ekki að sjá það, sem ljótt væri, þá hefði hann ekki átt að fara til blóðvallarins. En enginn af hinum selunum hafði horft á drápið og það gerði muninn,

sem var á honum og vinum hans. Auk þess var Kotick hvítur selur.

„Það sem þér ber að gera,“ mælti Fönguður gamli, þá er sonur hans hafði sagt honum sínar farir ekki sléttar „það er að vaxa og verða stór selur eins og faðir þinn, og eiga látur í fjörunni; þá munu þeir láta þig í friði. Eftir fimm ár ættirðu að geta barist til konu. Jafnvel móðir hans, hin góðlynda Matka, sagði: „Þú verður aldrei fær um að gera enda á drápunum. Farðu og leiktu þér í sjónum Kotick.“ Og Kotick sneri burt og dansaði elddansinn í mjög þungu skapi.

Það haust yfirgaf hann fjöruna eins fljótt og hann gat og lagði á stað einsamall sakir þess sem honum var í huga. Hann ætlaði að finna sækú, ef nokkur slík skepna væri til í sjó, og hann ætlaði að finna rólega eyju með góðum hörðum fjörum, þar sem selir gætu hafst við og engir menn komist að þeim. Þess vegna fór hann einn síns liðs könnunarferð um allt Kyrrahaf frá norðri til suðurs og synti allt að þrem hundruð mílum á sólarhring. Gerðist í þeirri ferð svo margt, að ekki verður tölu á komið og Kotick dró nauðulega undan buslháfnum, blettháfnum og hamarhöfðanum, og hann mætti öllum hinum tortryggilegu föntum, sem vaða upp og niður um höfin og purpurablesóttu skelfiskunum sem eru fastir á sama stað svo hundruðum ára skiptir og miklast mjög af því. En aldrei rak hann sig á sækú og aldrei fann hann eyju, sem honum gætist að.

Ef fjaran var góð og hörð og leikvöllur upp af handa selum, þá sá hann alltaf bera við himin reykin úr hvalveiðaskipi, sem var að bræða lýsi; og Kotick vissi hvað það þýddi. Eða að öðrum kosti sá hann, að selir höfðu einu sinni byggt eyna, en verið strádrepnir og Kotick vissi, að þar sem menn höfðu einu sinni komið, mundu þeir koma oftar.

Hann tók tali gamalt, stélstutt albatross, og sagði það honum, að Kerguelen-eyland, það væri einmitt staðurinn, þar sem fá mætti frið og ró. Kotick brá sér þangað, fékk ofsa krapastorm með þrumum og eldingum, og lá við sjálft, að hann týndi lífinu í hömrum nokkrum svörtum og geigvænlegum. Þó gat hann séð, er hann streittist á móti veðrinu, að

einnig þar höfðu einu sinni verið sellátur. Og svo var það um allar eyjar sem hann kom í.

Af þeim taldi Limershin upp mjög margar, því að hann sagði að Kotick hefði verið fimm ár í könnunarferðum sínum, nema þá fjóra mánuði sem hann hvíldist hvert ár í Novastoshna, og þá drógu yngisselirnir dár að honum og ímyndunareyjunum hans.

Hann fór til Galapagos-eyja, er það um miðja jörð og svo hræðilega þurrt að hann bakaðist nærri til bana; hann fór jafnvel til smáeyjar einnar suður af Góðrarvonarhöfða. En hvar sem hann kom sögðu sæbúar honum sömu söguna. Selir höfðu komið í þessar eyjar endur fyrir löngu, en menn drepið þá alla. Einnig þegar hann svam þúsundir mílna út úr Kyrrahafi, og kom þar sem nefnt er Straumhöfði (Cape Corrientes), þá fann hann nokkur hundruð kláðuga seli á klöpp, og þeir sögðu honum, að menn kæmu líka þar.

Nú féllst honum nærri hugur, og hann hélt suður um Horn í áttina til sinna eigin stranda; og á norðurleiðinni lagði hann sig upp á eyju, sem var alvaxin grænum trjám, og þar fann hann fjörgamlan sel, sem kominn var að bana. Kotick veiddi handa honum fiska og taldi fyrir honum raunir sínar. „Nú,“ sagði Kotick, „fer ég aftur til Novastoshna, og mun ég aldrei hirða, þó að ég verði rekinn í drápkvína með yngisselunum.“

Gamli selurinn sagði: „Reyndu einu sinni enn. Ég er síðasti selurinn úr Masafueraveiðistöð, og á þeim tímum er menn drápu oss hundruðum þúsunda saman, var það að sögn haft á fjörunum, að einhverntíma mundi koma hvítur selur úr norðurátt og fá selfólkinu friðland. Ég er gamall og mun ekki lifa það að sjá þann dag en aðrir munu líta hann. Reyndu enn.“

Og Kotick hringaði kampana (sem voru frábærlega snottrir) og sagði: „Ég er eini hvíti selurinn, sem nokkurn tíma hefir fæðst á fjörunum, og ég einn af öllum selum, svörtum eða hvítum, hefi látið mér koma til hugar að skyggjast eftir nýjum eyjum.“

Við þetta hresstist hann mjög; og þegar hann kom aftur

til Novastoshna um sumarið, það Matka, móðir hans, hann um að kvongast nú og taka sér bólfestu; því að hann var nú ekki lengur yngisselur, heldur fullvaxinn fönguður með hrokkið hvítt fax á herðunum eins og þungur, mikill og illur viðureignar eins og faðir hans. „Eitt árið enn ætla ég að leita,“ sagði Kotick. „Mundu móðir mín, að það er alltaf sjöunda báran, sem veður lengst upp á fjöruna.“

Þótt undarlegt megi virðast, leist einnig öðrum sel að fresta giftingu sinni til næsta árs, og Kotick dansaði með henni elddansinn fram með öllum Lukannonfjörum, nóttina áður en hann lagði upp í síðustu könnunarferð sína.

Í þetta skipti hélt hann vestur á bóginn, því hann hafði komist ofan á stóra flyðrutorfu, og hann þurfti að minnsta kosti 100 pund fiskjar á dag, til að halda sér ferðafærum. Hann elti lúðurnar, uns hann var þreyttur orðinn og lagðist svo til svefnis í lægðum undiröldunnar, sem stefnir á Koparreyju. Hann þekkti vel ströndina, og um miðnætti, þegar hann fann, að hann var kominn á þarabing, sagði hann: „Hm, stríður fallstraumurinn í nótt,“ og hann sneri sér við undir yfirborði vatnsins, lauk hægt upp augunum og teygði sig. Því næst stökk hann upp eins og köttur því að hann sá einhver ferlíki sem snuðruðu um í grunnsævinu og bitu lafandi þangið.

„Í allrar báru nafni“ tautaði hann undir kömpum sér. „Hverjir í djúpsænum eru þessir?“

Þessi dýr voru ekki lík neinum hval, sel, rostung, sæljóni birni, háf eða smokk, sem Kotick hafði nokkurn tíma séð áður. Þau voru 20-30 fet á lengd og höfðu enga afturhreifa, en sporð, sem svipaði til reku og leit út eins og hann hefði verið búinn til úr votu leðri. Höfuðin á þeim voru hin auala- legustu að sjá og dýrin stóðu á sporðum, þar sem djúpt var, þegar þau voru ekki á beit, hneigðu hvert öðru hátíðlega og veifuðu framhreifunum eins og feitur maður handlegg sínum. „Urmhustum!“ sagði Kotick. „Skemmtið þið ykkur vel góðir hálsar?“ Ferlíkin svöruðu með því að hneigja sig og veifa hreifunum eins og áður.

Þegar þau fóru að bíta aftur, sá Kotick, að efri vörin á

þeim var klofin í tvo flipa, sem þau gátu glennt hér um bil fet í sundur og losuðu þau víst einar tvær skeffur af þangi, þegar þau kreistu aftur flipana saman. Þau vöðluðu síðan upp í sig þessu góðgæti og tuggðu með alvörusvip.

„Þetta er vandræða mataræði“ sagði Kotick. Ferlíkin hneigðu sig enn, og Kotick fór að renna í skap. „Gott og vel,“ sagði hann. „Þó að það sé einhver aukaliður í framhreifunum á ykkur, þá þurfið þið ekki að láta berá svona mikið á því. Ég sé að þið hneigið ykkur snyrtilega; en mér þætti gaman að vita, hvað þið heitið?“ Fliparnir hreyfðust og glenntust sundur og grænu klakaaugun gláptu; en ekki fékkst úr þeim orð.

„Jæja þá,“ sagði Kotick; „þið eruð einu skepnurnar, sem ég hefi rekið mig á, sem ljótari séu en Sæforni — enda kunnid ykkur ver.“

Þá flaug honum allt í einu í hug, hvað svartbakarnir höfðu gargað til hans, þegar hann, lítill vetrungur hafði verið á Rostungseyju, og hann veltist aftur á bak í sjónum, því að hann vissi að hann hafði nú loksins fundið sækúna.

Sækýrnar héldu áfram að rífa í sig þangið, og Kotick lagði fyrir þær spurningar á öllum þeim tungumálum, sem hann hafði lært nokkuð í á ferðum sínum; og sæfólkið talar nærri því eins mörgum tungum og mannfólkið. En sækýrnar svörðu ekki, af því að sækýrin er mállaus. Hún hefir einungis sex hálsliði, þar sem hún ætti að hafa sjö, og það er almælt í sjó, að það sé það, sem aftrar henni frá að tala, þó ekki nema væri við féлага sína. En — eins og þið vitið — þá hefir hún aukalið í framhreifum sínum, og með því að veifa þeim ýmsa vegu, hefir hún búið sér til nokkurskonar ófullkomið fingramál.

Um birtingu voru faxhárin á Kotick farin að rísa af bræði. En þá fóru sækýrnar að hafa sig norður á bóginn, ofurhægt, og staðnæmdust við og við til að heyja flónsleg hneigingaþing. Kotick elti og sagði við sjálfan sig: „Svona vandræðalega heimskar skepnur hefðu verið strádreppnar fyrir löngu, ef þær hefðu ekki fundið einhverja eyju, þar sem þeim er óhætt. Og það sem er heillavænlegt sækú í því efni, er gott

fyrir sel. En hvað um það, ég vildi að þær vildu flýta sér.“

Þetta var þreytustarf fyrir Kotick. Hjörðin fór aldrei meir en 40-60 mílur á dag, nam staðar um nætur til að bíta og hélt alltaf með ströndum fram. Og Kotick synti í kringum þær, yfir þær og undir þær, en hann gat ekki fengið þær til að hraða sér svo hálfri mílu næmi. Þegar þær komu lengra norður, háðu þær ávallt hneigingaþing á fárra stunda fresti, og það lá við sjálf, að Kotick biti af kampa sína af bræði, þangað til hann sá, að þær fóru eftir heitum vatnsstraumi; þá fór hann að virða þær svolítið meir.

Eina nótt sukku þær eins og steinar niður glæjan sjó og hertu nú sunðið í fyrsta skipti eftir að Kotick hafði kynnst þeim. Kotick elti og furðaði sig á hraðanum, því að honum hafði aldrei komið til hugar, að sækýrin væri nokkuð til muna sundfær. Þær stefndu til hamra nokkurra, sem risu úr djúpum sjó, og steiptust niður í helli nokkurn undir hömr-unum á 20 faðma dýpi. Það var afarlangt sund, og Kotick hélt við köfnun, áður en hann kæmist út úr hinum dimmu göngum, þar sem sækýrnar höfðu farið yfir.

„Það sver ég við kampa mína“ sagði hann mäsandi og blásandi, þegar honum skaut aftur upp undir bert loft, „að þetta var langt kaf, en hér eru líka laun fyrir raun.“

Sækýrnar höfðu dreift sér og voru í makindum að bíta fram með fegurstu fjörunum, er Kotick hafði nokkurn tíma litið. Þar voru mílulangar spildur af sléttnúnum klöppum, sem voru eins og beinlínis gerðar undir sellátur, og upp af þeim voru hallandi leikvellir af hörðum sandi; og þar voru balar fyrir seli til að dansa á og hátt gras til að velta sér í og sandhólar til að klifrast um; en það sem öllu tók fram, var, að Kotick fann á sjónum, sem aldrei svikur sannan fönguð, að þarna höfðu aldrei neinir menn komið.

Hið fyrsta, sem hann tók til bragðs, var að ganga úr skugga um, að þarna væri gott til fiskifanga, og því næst synti hann fram með fjörunum og kastaði tölu á hinar lágu, yndislegu sendnu eyjar, sem voru reifaðar fögrum þoku-slæðingi. Til norðurs lágu sandrif, grynningar og flúðir sem ekki mundu leyfa nokkru skipi að komast innan sex mílna

fjarlægðar frá ströndinni; en milli eyjanna og meginlandsins var djúpur áll, sem náði upp að þverhníptum björgunum, en einhvers staðar undir þeim var hellismunninn.

„Þetta er Novastoshna í nýrri mynd, en tíu sinnum betri“ sagði Kotick. „Sækýrin mun vera hyggjari en ég ætlaði. Menn geta ekki komið niður hamrana, jafnvel þó að þeir væru þarna, og grynningarnar hafsmegin mundu brjóta hvert skip í spón. Ef nokkurs staðar í hafinu er óhætt, þá er það hér.“

Hann fór að hugsa til selsins, er hann hafði skilið eftir. En þó að asi væri á honum að komast aftur til Novastoshna, þá kannaði hann vandlega nýja landið, svo að hann gæti svarað öllum spurningum.

Því næst kafaði hann til hellismunnans og brunaði norður úr. Enginn nema sækýr eða selur hafði látið sig dreyma, að slíkur staður væri til og þegar Kotick varð litið aftur upp til hamrana, átti jafnvel hann bággt með að trúa því, að hann hefði verið undir þeim.

Hann var sex daga á heimleiðinni, og var þó ekki hæg-fara. Og þegar hann kom á land upp rétt fyrir ofan Sæljónaeiði mætti hann fyrstri allra selnum, sem hafði verið að bíða eftir honum, og hún sá af augnaráði hans, að loksins hafði hann nú fundið eyjuna sína.

En yngisselirnir og Fönguður faðir hans og allir hinir selirnir hlógu að honum, þegar hann sagði þeim, hvað hann hefði fundið og jafnaldri hans einn mælti svo: „Þetta er allt saman mjög gott, Kotick; en það má ekki verða, að þú komir — hvaðan veit enginn — og rekir okkur svona upp. Mundu eftir, að við höfum verið að berjast fyrir heimilum okkar, og slíkt hefir þú aldrei fengist við. Þér þótti betra að vera á flækingi um öll höf.“

Hinir selirnir hlógu að þessu, og ungi selurinn fór að vagga höfðinu á hliðarnar. Hann hafði kvænst þetta árið og lét mikið bera á því.

„Ég hefi enga fjölskyldu að berjast fyrir“ sagði Kotick. „Ég vil einungis sýna ykkur öllum stað, þar sem ykkur er óhætt. Til hvers er að berjast?“

„Ef þú ætlar þér að hopa undan, þá læt ég þig auðvitað hlutlausan,“ sagði ungi selurinn og hló háðslega.

„Viljið þið koma með mér, ef ég hefi sigur?“ sagði Kotick, og grænum glampa brá fyrir í augum hans, því að honum gramdist mjög, að þurfa að berjast um þetta mál.

„Gott og vel,“ sagði ungi selurinn tómlega. „Ef þú hefir betur, þá kem ég.“

Hann fékk ekki tíma til að hverfa aftur frá þessu ráði, því að Kotick skaut fram höfðinu og tennur hans sukku í hnakkaspikið á unga selnum. Því næst reis hann á afturhreifana og dró óvin sinn niður fjöruna, skók hann og slengdi honum niður. Síðan öskraði Kotick til selanna: „Ég hefi unnið í ykkar þarfir af öllum kröftum þessi fimm ár. Ég hefi fundið ykkur eyju, þar sem verður óhætt að vera, en ekki viljið þið trúá, nema hausarnir séu slitnir af ykkar flónshálsum. Nú ætla ég að kenna ykkur. Forðið ykkur nú, ef þið getið.“

Limmershin sagði mér, að aldrei á ævi sinni — og Limmershin sér tíu þúsund stóra seli berjast á hverju ári — aldrei alla sína rindilsævi hefði hann séð neitt, er kæmist í nokkurn samjöfnuð við áhlaup Koticks á látrin. Hann varpaði sér að stærsta fönguði, sem hann gat fundið, tók fyrir kverkar honum, svo að honum hélt við köfnun, hrakti hann og barði, þangað til hann bað um grið, slengdi honum frá sér og réðst á annan. Kotick hafði nefnilega aldrei fastað fjóra mánuði, eins og stóru selirnir gerðu ár hvert; djúphafs-sundferðirnar höfðu aukið honum þrek, og það sem best var af öllu, hann hafði aldrei barist áður. Hrokknu hvítu faxhárin hans ýfðust af reiði, eldur brann úr augum hans, það skein í stóru hundstennurnar, og hann var næsta mikilfenglegur að sjá.

Fönguður gamli faðir hans sá, þegar hann reif sig áfram, og dró til og frá gömlu gráu selina sem lúður einar væru, en velti um yngisselunum í allar áttir; og Fönguður rak upp hátt öskur og æpti: „Hann er ef til vill flón; en enginn á fjörunum berst eins vel og hann. Ráð þú ekki á föður þinn, sonur minn! Hann er með þér!“

Kotick öskraði aftur, og Fönguður gamli óð fram á vígvöllinn og risu á honum kamparnir, en hann blés eins og eimketill. Matka og selurinn, sem ætlaði að eiga Kotick, hnipruðu sig saman og dáðust að mönnunum sínum. Orustan var hin harðasta, því að þeir tveir börðust, meðan nokkur selur þorði að hefja upp höfuð sitt, og síðan óðu þeir báðir saman stærilátir fram og aftur um fjöruna og öskruðu.

Um nóttina, einmitt þegar bjarma af iðandi norðurljósum brá fyrir í þokunni, klifraði Kotick upp á klett einn og leit niður yfir fjölskyldurnar á tvístringi og selina særða og blóðuga. „Nú,“ sagði hann „hefi ég kennt ykkur að lifa.“

„Það sver ég við kampa mína“ sagði Fönguður gamli og var nú orðinn stirður mjög; hafði hann fengið mörg sár og stór. „Sjálfur háhyrningurinn hefði ekki veitt þeim stærri sár. Sonur, ég miklast af þér, og meir en það; ég mun koma með þér til eyjar þinnar — ef slíkur staður er til.“

„Heyrið þið, feitu sjávarsvín! Hver kemur með mér til Sækúahellis? Svárið, ella mun ég kenna ykkur aftur,“ öskraði Kotick.

Nú varð kliður um alla fjöruna, líkt og gjálfur flóðöldunnar. „Við viljum fara,“ sögðu þúsundir þreyttra radda. „Við munum fylgja Kotick, hvíta selnum.“

Þá lagði Kotick höfuð sitt niður að herðum og lygndi aftur augunum drembilega. Hann var ekki hvítur selur frammar, heldur rauður frá trýni og aftur á tær. En hvað um það, honum hefði þótt lítilmannlegt að hyggja að sárum sínum eða eiga við þau.

Viku seinna stefndi hann og her hans (nærri því tíu þúsund yngisselir og gamlir selir) norður til Sækúahellis og fór Kotick fyrir, en selirnir, sem eftir urðu á Novastoshna kölluðu þá aula. En vorið eftir, þegar þeir hittust allir á fiskimiðum Kyrrahafs, létu selir Koticks svo mikið yfir nýju fjörunum fyrir handan Sækúahelli, að fleiri og fleiri selir yfirgáfu Novastoshna.

Auðvitað varð þetta ekki allt í einu, því að selirnir eru lengi að velta fyrir sér málum; en ár frá ári hurfu fleiri selir

burt frá Novastoshna og Lukannon og öðrum sellátrum til hinna kyrru friðsælu stranda, þar sem Kotick situr öll sumur og verður með ári hverju feitari, stærri og sterkari, en yngiselirnir leika sér í kringum hann í hafinu, þar sem aldrei kemur neinn maður.

Tímarit bókmenntafélagsins, 1902.